

Fundarefni:	Sameiginlegur stjórnarfundur fráfarandi og viðtakandi stjórnar foreldrafélags Álfhólsskóla, haldinn í Digranesi. 8. fundur fráfarandi stjórnar og 1. fundur nýrrar stjórnar.
Dagsetning	22.5.2013
Fundarmenn:	Anna María Bjarnadóttir, Sigurður Grétarsson, Selma Guðmundsdóttir, Berglind Svavarsdóttir, Brynhildur Grímsdóttir, Guðni R. Björnsson, Íris Lena Leósdóttir, Hörður Sigurðsson
Fjarverandi:	Lárus Axel, Hólmfríður Einarsdóttir, Erna Arnarsdóttir
Ritað af:	Herði Sigurðssyni.

8. stjórnarfundur FFÁ 2012-2013

1) Fundur settur. Anna María fráfarandi formaður setti fundinn kl: 20:05

2) Rætt var um nýfastaðinn aðalfund og voru stjórnarmenn almennt ánægðir með tillögum og boðun fundarins. Töskupóstur frá ritara og happadrætti virðist hafa skilað sér í aukinni þátttöku foreldra. Skýrslur og fundargerð fundarins eru komnar á heimasvæði foreldrafélagsins undir Fundargerðir

3) Vorhátíð verður haldin 5. júní. Vorhátíðarnefnd er að vinna að skipulagi hátíðarinnar í samráði við skólann en gert er ráð fyrir að foreldrar/ foreldrafélagið sjá um að grilla pylsur.

4) Vorskólakynning hefur þegar verið haldin og hefur stjórnin greinilega ekki verið með á nótunum því enginn stjórnarmeðlima vissi af henni. Ætlunin var að kynna starfsemi foreldrafélagsins á kynningunni en af því verður ekki þetta árið.

5) Önnur mál.

- Rætt var um tillögu sem fram kom á aðalfundi um að leggja skólahreystibraut við skólann, viðtakandi stjórn falið að skoða það mál.

- Vínafjölskylduverkefni. Nýlega var haldinn samráðsfundur þeirra skóla sem taka þátt í vínafjölskylduverkefninu og voru fulltrúar úr nefnd skólans þar viðstaddir. Stefnt er á að verkefnið hefjist í öðrum bekk eftir að börn hafi náð saman í 1. bekk.

6. Stjórnarskipti:

Anna María þakkaði stjórnarmönnum í fráfarandi stjórn fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári og óskaði nýrri stjórn jafnframt velfarnaðar í starfi. Var henni þakkað fyrir góð störf. Færði Anna María viðtakandi formanni foreldrafélagsins Guðna Björnssyni lykjavöldin og tók hann strax til starfa.

Anna María sleit fundi kl. 20.30.

1. stjórnarfundur FFÁ 2013-2014

Nýr formaður Guðni Ragnar Björnsson setur fundinn kl . 20.35.

1) Skipað í embætti

Ritari: Berglind Svavarsdóttir.

Gjaldkeri: Karl Einarsson.

Varaformaður: Hörður Sigurðsson.

Meðstjórnendur: Hólmfríður Einarsdóttir, Lárus Axel Sigurjónsson, Sigurður Grétarsson.

Varamenn í stjórn: Íris Leósdóttir, Brynhildur Grímsdóttir, Anna María Bjarnadóttir.

Skipaðir tengiliðir við skólastigin:

Yngsta stig; Lárus Axel og Sigurður.

Mið stig; Hörður og Karl

Elsta stig Berglind og Hólmfríður.

2) Fulltrúi FFÁ í SAMKÓP

Guðni Ragnar Björnsson tilnefndur fulltrúi FFÁ í SAMKÓP. Guðni var kjörinn í stjórn SAMKÓP á aðalfundi þess.

3) Fundartímar

Í vetur hafa verið ákveðnir fyrsta þriðjudar hvers mánaðar kl. 19.30

4) Virkni varamanna

Varamenn verða virkjaðir í meira mæli en áður hefur verið gert og skulu þeir stjórnarmenn sem ekki komast á fund hafa samband við varamenn í sinn stað. 1. varamaður: Íris Leósdóttir, 2. varamaður Brynhildur Grímsdóttir og 3. varamaður Anna María Bjarnadóttir.

5) Nafnalistar

Rætt um nafnalista í Mentor og hvort ritari geti aðstoðað við útsendingu á gögnum – Berglind ætlar að athuga málið.

6) Heimasíða

Guðni ætlar að skoða heimasíðumálin og ræðir við Sólveigu Hlökkversdóttur um stöðuna. Helstu viðburðir foreldrafélagsins eru komnir á skóladagatal 2013-2014. Í skoðun er að búa til sérstakt foreldradagatal.

7) Nefndir foreldrafélagsins

Erfitt hefur verið að manna nefndir foreldrafélagsins og auglýsir formaður eftir nýjum hugmyndum þa rað lútandi.

8) Bekkjafulltrúar

Rætt um þá grundvallarbreytingu að fá bekkjarfulltrúa kosna inn að vori þannig að störf foreldrafélagsins verði markvissari í byrjun skólaárs.

9) Önnur mál

- Vorhátíð í góðum farvegi verðum í sambandi við vorhátíðarnefnd.

Fundi slitið 21.40 og nýr fundur boðaður 28.5.2013 kl .19.30